
Ár 2014, fimmtudaginn 11. desember kl: 17:00 kom bæjarstjórn Hveragerðisbæjar saman til fundar á skrifstofu bæjarins Sunnumörk 2, Hveragerði.

Fundinn sátu Eyþór H. Ólafsson, Unnur Þormóðsdóttir, Aldís Hafsteinsdóttir, Þórhallur Einisson, Njörður Sigurðsson, Viktoría Sif Kristinsdóttir og Garðar Rúnar Árnason.

Ennfremur sat fundinn Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Forseti bæjarstjórnar, Eyþór H. Ólafsson, setti fund og stjórnaði.

Leitaði hann eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Dagskrá:

1. Fundagerðir.

- 1.1. Bæjarráðs frá 20. nóvember 2014.
- 1.2. Bæjarráðs frá 4. desember 2014.
- 1.3. Fasteignafélags Hveragerðis frá 25. nóvember 2014.
- 1.4. NOS frá 8. desember 2014.
- 1.5. Skipulags- og mannvirkjanefndar rá 4. desember 2014.
- 1.6. Skólalþjónustu og velferðarnefndar Árnespings frá 18. nóvember 2014.
- 1.7. Umhverfisnefndar frá 2. desember 2014.

2. Gjaldskrár fyrir sorphirðu og sorpurðun í Hveragerðisbæ, síðari umræða.

3. Gjaldskrá fasteignagjalda í Hveragerðisbæ 2015, síðari umræða.

4. Breyting á gjaldskrá vatnsveitu nr. 118/ 2011 í Hveragerðisbæ, síðari umræða.

5. Gjaldskrá sundlaugarinnar Laugaskarði 2015, síðari umræða.

6. Breyting á gjaldskrá nr. 237/2012 fyrir hundahald í hveragerði, síðari umræða.

7. Breyting á gjaldskrá nr 1358/2011 fyrir kattahald í Hveragerðisbæ, síðari umræða.

8. Samningur um aðstoð við skólustarf í Grunnskólanum í Hveragerði.

9. Þjónustusamningur Hestamannafélagsins Ljúfs og Hveragerðisbæjar.

10. Þjónustusamningur Leikfélags Hveragerðis og Hveragerðisbæjar.

11. Þjónustusamningur Golfklúbbs Hveragerði og Hveragerðisbæjar.

12. Þjónustusamningur Söngsveitar Hveragerðis og Hveragerðisbæjar.

13. Erindi frá N4 sjónvarpsstöðinni frá 28. nóvember 2014

14. Minnisblað frá Lex lögmönnum v/ Friðarstaða frá 9. desember 2014.

15. Álit umboðsmanns Alþings frá 5. desember 2014.

16. Fjárhagsáætlun Hveragerðisbæjar árið 2015, síðari umræða.

17. Þriggja ára fjárhagsáætlun Hveragerðisbæjar 2016-2018, síðari umræða.**18. Fundargerðir til kynningar:**

18.1. Bæjarstjórnar frá 13. nóvember 2014.

Hér var gengið til dagskrár.

1. Fundagerðir;**1.1. Bæjarráðs frá 20. nóvember 2014.**

Enginn tók til máls.

Liður 2.2 „Framlenging á samningi Hveragerðisbæjar og Þórs Ólafs Hammer Ólafssonar um tjaldsvæðið við Reykjamörk frá 17. nóvember“ afgreiddur sérstaklega.

Samþykkt samhljóða.

Liður 2.3. „Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun v/ áhaldahúss frá 21. október 2014“ afgreiddur sérstaklega.

Samþykkt samhljóða.

Fundargerðin að öðru leyti samþykkt samhljóða.

1.2. Bæjarráðs frá 4. desember 2014.

Enginn tók til máls.

Liður 1.9. „Bréf frá Pacta lögmönnum frá 28. nóvember 2014“ afgreiddur sérstaklega.

Samþykktur samhljóða.

Liður 2.1. „Minnisblað frá umhverfisfulltrúar frá 28. nóvember 2014 v/ gámasvæðis“ afgreiddur sérstaklega.

Samþykktur samhljóða.

Fundargerðin að öðru leyti samþykkt samhljóða.

1.3. Fasteignafélags Hveragerðis frá 25. nóvember 2014.

Enginn tók til máls.

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

1.4. NOS frá 8. desember 2014.

Eftirtaldir tóku til máls: Viktoría Sif Kristinsdóttir, Aldís Hafsteinsdóttir, Eyþór H. Ólafsson, Unnur Þormóðsdóttir og Njörður Sigurðsson.

Liður 1 „Málefni skólaþjónustunnar“ afgreiddur sérstaklega.

Samþykkt samhljóða að ráðinn verði sálfræðingur í 50% starf til reynslu í eitt ár.

Fundargerðin að öðru leyti samþykkt samhljóða.

1.5. Skipulags- og mannvirkjanefndar frá 4. desember 2014.

Eftirtaldir tóku til máls: Eyþór H. Ólafsson og Njörður Sigurðsson.

Liður 1 „Endurskoðun á aðalskipulagi Hveragerðis 2005-2014, tillaga formanns skipulagsnefndar og skipulagsfulltrúa“ afgreiddur sérstaklega.

Bæjarstjórn samþykkir tillöguna og mun endurskoðun aðalskipulags Hveragerðisbæjar hefjast sem allra fyrst.

Liður 2 „Athafnasvæði sunnan Suðurlandsveggar, aðal- og deiliskipulagslýsing, tillaga að aðalskipulagsbreytingu og tillaga að óverulegri breytingu á deiliskipulagi hreinsistöðvar“ afgreiddur sérstaklega.

Bæjarstjórn samþykkir að skipulagslýsingarnar verði auglýstar og kynntar fyrir almenningi í samræmi við 3. mgr. 40. gr. skipulagslaganna.

Bæjarstjórn samþykkir breytingartillögu við deiliskipulag hreinsistöðvar.

Liður 3 „Grímsstaðareitur Í1, drög að deiliskipulagi og tillaga að breytingu á aðalskipulagi“ afgreiddur sérstaklega.

Bæjarstjórn samþykkir að að auglýsa breytinguna á aðalskipulagi í samræmi við 31. gr. skipulagala.

Liður 4 „Reykjamörk 15, bílskúr, umsókn um byggingarleyfi“ afgreiddur sérstaklega.

Bæjarstjórn samþykkir að gerð verði grenndarkynning í samræmi við 44. gr. skipulagslaga nr. 123/ 2010.

Liður 5 „Skólamörk 2-6, eldhús, viðbygging umsókn um byggingarleyfi“ afgreiddur sérstaklega.

Bæjarstjórn samþykkir byggingarleyfið.

Liður 6 „Breiðamörk 2 – Þelamörk 36, sameining lóða“ afgreiddur sérstaklega.

Aldís Hafsteins vék af fundi meðan á afgreiðslu málsins stóð.

Bæjarstjórn samþykkir að sameina lóðirnar. Bæjarstjórn felur skipulags- og byggingafulltrúa að gera tillögu til bæjarráðs um nýtingarhlutfall sameinaðrar lóðar sem lagt verði til grundvallar gjaldtöku byggingargjalda sem verði í samræmi við reglugerð um byggingargjöld í Hveragerði.

Fundargerðin að öðru leyti samþykkt samhljóða.

1.6. Skólaþjónustu- og velferðarnefndar Árneshöfna frá 18. nóvember 2014.

Eftirtaldir tóku til máls: Njörður Sigurðsson, Unnur Þormóðsdóttir og Aldís Hafsteinsdóttir.

Bæjarstjórn fagnar umræðu um stöðu innflytjenda og tekur undir hugmyndir um skipun nefndar varðandi sameiginleg markmið í málefnum innflytjenda.

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

1.7. Umhverfisnefndar frá 2. desember 2014.

Eftirtaldir tóku til máls: Garðar Rúnar Árnason, Unnur Þormóðsdóttir, Aldís Hafsteinsdóttir, Njörður Sigurðsson, Eyþór H. Ólafsson og Þórhallur Einisson.

Bæjarstjórn samþykkir að gert verði stutt myndband um flokkun sorps sem höfðar til allra aldurshópa. Kostnaði við myndbandsgerðina verði haldið í algjörum lágmarki.

Bæjarstjórn tekur undir áskorun umhverfisnefndar um plastpokalaust bæjarfélag og fagnar frumkvæði nefndarinnar í þessu máli. Bæjarstjórn vill hvetja verslunareigendur til að hætta notkun plastpoka og bæjarbúa til að nýta fjölnota poka.

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

2. Gjaldskrá fyrir sorphirðu og sorpurðun í Hveragerðisbæ, síðari umræða.

Lögð fram til síðari umræðu gjaldskrá fyrir sorphirðu og sorpurðun í Hveragerðisbæ.

Enginn tók til máls.

Gjaldskráin samþykkt samhljóða.

3. Gjaldskrá fasteignagjalda í Hveragerðisbæ, síðari umræða.

Lögð fram til síðari umræðu gjaldskrá fasteignagjalda í Hveragerðisbæ.

Enginn tók til máls.

Gjaldskráin samþykkt samhljóða.

4. Breyting á gjaldskrá vatnsveitu nr 118/ 2011 í Hveragerðisbæ, síðari umræða.

Lögð fram til síðari umræðu breyting á gjaldskrá vatnsveitu í Hveragerðisbæ.

Enginn tók til máls.

Gjaldskráin samþykkt samhljóða.

5. Gjaldskrá sundlaugarinnar Laugaskarði, síðari umræða.

Lögð fram til síðari umræðu gjaldskrá sundlaugarinnar Laugaskarði.

Enginn tók til máls.

Gjaldskráin samþykkt samhljóða.

6. Breyting á gjaldskrá nr 237/2012 fyrir hundahald í Hveragerðisbæ, síðari umræða.

Lögð fram til síðari umræðu breyting á gjaldskrá fyrir hundahald í Hveragerðisbæ.

Enginn tók til máls.

Gjaldskráin samþykkt samhljóða.

7. Breyting á gjaldskrá nr 1358/2011 fyrir kattahald í Hveragerðisbæ, síðari umræða.

Lögð fram til síðari umræðu breyting á gjaldskrá fyrir kattahald í Hveragerðisbæ.

Enginn tók til máls.

Gjaldskráin samþykkt samhljóða.

8. Samningur um aðstoð við skólastarf í Grunnskólanum í Hveragerði.

Lagður fram samningur við 10. bekk Grunnskólans í Hveragerði um aðstoð í mötuneyti, aðstoð við gæslu í frímínútum og hádegi ásamt aðstoð við gæslu á skólaskemmtunum elsta stigs.

Eftirtaldir tóku til máls: Viktoría Sif Kristinsdóttir, Aldís Hafsteinsdóttir og Eyþór H. Ólafsson.

Bæjarstjórn samþykkir samninginn.

9. Þjónustusamningur Hestamannafélagsins Ljúfs og Hveragerðisbæjar.

Lagður fram þjónustusamningur við Hestamannafélagið Ljúf sem gildir til ársins 2018.

Eftirtaldir tóku til máls: Njörður Sigurðsson, Aldís Hafsteinsdóttir, Eyþór H. Ólafsson,

Bæjarstjórn samþykkir samninginn með þeim breytingum sem ræddar voru á fundinum.

10. Þjónustusamningur Leikfélags Hveragerðis og Hveragerðisbæjar.

Lagður fram þjónustusamningur við Leikfélag Hveragerðis sem gildir til ársins 2018.

Eftirtaldir tóku til máls: Njörður Sigurðsson,

Bæjarstjórn samþykkir samninginn með þeim breytingum sem ræddar voru á fundinum.

11. Þjónustusamningur Golfklúbbs Hveragerðis og Hveragerðisbæjar.

Lagður fram þjónustusamningur við Golfklúbb Hveragerðis sem gildir til ársins 2018.

Eftirtaldir tóku til máls: Aldís Hafsteinsdóttir.

Bæjarstjórn samþykkir samninginn með þeim breytingum sem ræddar voru á fundinum.

12. Þjónustusamningur Söngsveitar Hveragerðis og Hveragerðisbæjar.

Lagður fram þjónustusamningur við Söngsveit Hveragerðis sem gildir til ársins 2018.

Eftirtaldir tóku til máls: Njörður Sigurðsson.

Bæjarstjórn samþykkir samninginn með þeim breytingum sem ræddar voru á fundinum.

13. Erindi frá N4 sjónvarpsstöðinni frá 28. nóvember 2014.

Lagt fram erindi frá N4 sjónvarpsstöðinni þar sem sjónvarpsstöðin óskar eftir samstarfi við Hveragerðisbæ um þátttöku í þáttaröðinni „Að sunnan“.

Eftirtaldir tóku til máls: Aldís Hafsteinsdóttir,

Bæjarstjórn samþykkir að taka þátt í verkefninu, en kostnaður við það er 500.000 kr. Alls verða gerðir 24 hálf tímalangir þættir fyrir sveitarfélögin á Suðurlandi sem verða þátttakendur í verkefninu.

14. Minnisblað frá Lex lögmönnum v/ Friðarstaða frá 9. desember 2014.

Lagt fram minnisblað frá Lex lögmönnum vegna kröfu á Hveragerðisbæ um greiðslu útlagðs lögmannskostnaðar Diðriks Jóhanns Sæmundssonar, Friðarstöðum í tengslum við ákvörðun um dagsektir.

Eftirtaldir tóku til máls: Aldís Hafsteinsdóttir.

Kl. 18:08 var gert fundarhlé.

Kl. 18:09 hélt fundur áfram.

Bæjarstjórn samþykkir að hafna kröfu Diðriks um greiðslu málskostnaðar á þeim grundvelli að enginn lagagrundvöllur sé fyrir slíkum greiðslum og málsmeðferð Hveragerðisbæjar hafi ekki verið haldin þeim ágöllum að það réttlæti greiðslu.

15. Álit umboðsmanns Alþingis frá 5. desember 2014.

Viktoría Sif Kristinsdóttir vék af fundi meðan á afgreiðslu málsins stóð.

Lagt fram álit umboðsmanns Alþingis í tilefni af kvörtun Aðalbjargar Katrínar Óskarsdóttur um ákvörðun skólastjóra grunnskólans í Hveragerði við ráðningu í starf deildarstjóra sérkennslu við skólann en Aðalbjörg var meðal umsækjenda um starfið.

Niðurstaða umboðsmanns er að meðferð Grunnskólans í Hveragerði á því máli sem hófst með auglýsingu lausrar stöðu deildarstjóra sérkennslu við skólann hafi ekki verið í samræmi við 20. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, um birtingu ákvörðunar. Jafnframt var meðferð málsins ekki í samræmi við vandaða stjórnarsýsluhætti, sbr. 1.mgr. 2.gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis. Auk þess var sá rökstuðningur sem Aðalbjörg Katrín Óskarsdóttir fékk, dags. 15. júní 2013 og 1. júlí s.á., ekki í samræmi við 22.gr. stjórnarsýslulaga. Umboðsmaður mælist til þess að sveitarfélagið Hveragerði gæti betur að þeim atriðum sem gerð er grein fyrir í álitinu í framtíðarstörfum sínum.

Eftirtaldir tóku til máls: Njörður Sigurðsson og Aldís Hafsteinsdóttir.

Lagt fram til kynningar.

16. Fjárhagsáætlun Hveragerðisbæjar árið 2015, síðari umræða.

Lögð fram til síðari umræðu fjárhagsáætlun Hveragerðisbæjar fyrir árið 2015 ásamt greinargerð.

Bæjarstjóri kynnti áætlunina.

Eftirtaldir tóku til máls: Aldís Hafsteinsdóttir og Njörður Sigurðsson.

Fulltrúar minnihlutans lögðu fram eftirfarandi bókun.

Framlögð fjárhagsáætlun var unnin í góðu samstarfi allra bæjarfulltrúa. Fyrir það vilja bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar og óháðra og Frjálsra með Framsókn þakka.

Í fjárhagsáætlunarvinnunni hafa undirrituð haft að leiðarljósi að rekstur bæjarins sé stöðugur og að skuldir lækki án þess að þjónusta við íbúa skerðist. Gjaldskrárhækkunum er stillt í hóf og fylgja verðlagi. Til þess að styrkja rekstur bæjarins er mikilvægt að ná skuldum niður og gerir fjárhagsáætlun ráð fyrir að skuldir Hveragerðisbæjar lækki á milli ára. Í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir framlagi til frístundastyrkja og verður tilkoma þeirra kærkomin fyrir barnafjölskyldur í Hveragerði. Viðbygging við grunnskólann, endurbætur á sundlaugarhúsinu og nýtt bundið slitlag á eldri götur eru meðal viðhalds- og fjárfestingaverkefna sem munu bæta þjónustu við bæjarbúa.

Undirrituð samþykkja fjárhagsáætlun 2015. Á komandi ári munu undirrituð áfram veita meirihlutanum aðhald í fjármálum sem og í öðrum málum.

Njörður Sigurðsson

Viktoría Sif Kristinsdóttir

Garðar Rúnar Árnason

Fjárhagsáætlunin samþykkt samhljóða og jafnframt er samþykkt að útsvarsprósenta verði 14,52% á árinu 2015.

17. Þriggja ára fjárhagsáætlun Hveragerðisbæjar 2016-2018, síðari umræða.

Lögð fram til síðari umræðu þriggja ára fjárhagsáætlun Hveragerðisbæjar 2016-2018 ásamt greinargerð.

Enginn tók til máls.

Þriggja ára fjárhagsáætlun fyrir árin 2016-2018 samþykkt samhljóða.

18. Fundagerðir til kynningar;

18.1. Bæjarstjórnar frá 13. nóvember 2014.

Fundargerðin upp lesin og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:46

Eyþór H. Ólafsson, (sign)

Njörður Sigurðsson, (sign)

Unnur Þormóðsdóttir, (sign)

Viktoría Sif Kristinsdóttir, (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)

Garðar Rúnar Árnason, (sign)

Þórhallur Einisson, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)